

LÖGMANNABLAÐIÐ

15. árgangur | mars | 1/2009



Hýðing í Hæstarétti

Ásdís J. Rafnar
skrifar um
nýlegan dóm
Hæstaréttar.



Auglýsingar lögmannna

Umfjöllun um
markaðssetningu
lögmannna og
siðareglur.



Lögmenn í kjölfar kreppunnar

Frásögn frá fundi
David B. Wilkins
um starfsemi lögmannsstofa.



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson:
Frá ritstjóra 4

Ingimar Ingason:
Fjölgun félagsmanna og fleira 8

Lagadagurinn 2009 15

Lárentsínus Kristjánsson:
Pistill formanns 21

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild 24

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir:
Auglýsingar lögmanna: Tákn um nýja tíma? 10

Ingvi Snær Einarsson:
Fundir að störfum lögmanna 16

Magnús Haukur Magnússon:
Lögmenn í kjölfar kreppunnar 18

Ásgeir Thoroddsen:
Fróðleikur um störf og afgreiðslur gjafsóknarnefndar 20

Ingimar Ingason:
Atlaga að trúnaðarskyldu lögmanna 25

Aðsent efni

Páll Bragi Kristjánsson:
Sérkennileg „jólahugvekja“ 6

Ásdís J. Rafnar:
Hýðing fyrir Hæstarétti 26

Heimir Örn Herbertsson:
Yferráð eða ekki, það er efinn 28

Á léttum nótum

Smári Hilmarsson:
Jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu 2008 14

Af Merði lögmanni 22

Úr myndasafninu:
Hæstaréttarlögmenn á 25 ára afmæli Hæstaréttar 28

Sushi og sakamál 31

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:
Ingvi Snær Einarsson hdl.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður.
Hjördís Halldórsdóttir hdl.,
varaformaður.
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari.
Jóhannes B. Björnsson hrl., gjaldkeri.
Hildur Friðleifsdóttir, hdl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Í Prastarskógi við Sogið veturinn 2009.
Mynd: Kristín Hrefna Halldórsdóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar bæði einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði og þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemandur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfra og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á samþættingu við aðrar greinar og sérhæfingu innan lögfræðinnar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranám haustið 2009 rennur út 31. mars.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennslukrá á vef lagaeildar Háskólans í Reykjavík: www.lagaeild.is



WWW.HR.IS

HAUSTÖNN 2009

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Afbrotfræði I	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Pórhur S. Gunnarsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson
Evrópskur fjölmiðlaréttur	Páll Þórhallsson
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur III/Competition Law	Peter Chr. Dyrberg
Fjarskiptaréttur	Jóhanna H. Halldórsdóttir og Sigurjón Ingvason
Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hlutverk verjanda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir
Lagakenningar	Davíð Þór Björgvinsson og Arnar Þór Jónsson
Legal Communication	Peter Chr. Dyrberg
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa í stjórnskipunarrétti	Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gisli Tryggvason
Sjó- og flutningaréttur	Guðmundur Sigurðsson og Einar Baldvin Axelsson
Skuldaskilaréttur	Steinunn H. Guðbjartsd. og Valgerður D. Valdimarsd.
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Pórdís Ingadóttir
Utanríkismál Íslands	Guðni Th. Jóhannesson
ML-ritgerð	

HAUSTÖNN 2010

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Afbrotfræði I	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðaviðskipti	Pórdís Ingadóttir og James H. Mathis
Alþjóðleg lausafjárkaup	Pórhur S. Gunnarsson
Barnaréttur (barnalög og barnaverndarlög)	Davíð Þór Björgvinsson
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur IV/The State and Competition	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa í almannatryggingarétti	Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa í bótarétti	Guðmundur Sigurðsson
Málstofa í fjölmiðlarétti	Páll Þórhallsson
Málstofa II í stjórnsýslurétti (endurskoðun og eftirfylgni stjórnvaldsákvæðana)	Margrét Vala Kristjánsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Sigurður Tómas Magnússon
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Skuldaskilaréttur	Steinunn H. Guðbjartsd. og Valgerður D. Valdimarsd.
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
Umhverfisréttur	Ragna Arnadóttir og Sigríður Auður Arnardóttir
Utanríkismál Íslands	Guðni Th. Jóhannesson
Willem C. Vis International Commercial Arbitration Moot	Garðar Víðir Gunnarsson
ML-ritgerð	

VORÖNN 2010

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

Afbrotfræði II	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðastofnanir	Pórdís Ingadóttir
Alþjóðlegur einkamálaréttur og lagaskil á sviði samningaréttar	Herdis Hallmarsdóttir og Guðjón Ólafur Jónsson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon, Svala Ólafsdóttir og Björn Þorvaldsson
Auðlindaréttur	Kristín Haraldsdóttir
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Ásgeirsson
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg
Fjárfestingafélög, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir	Tómas Njáll Möller
Hagnýtur samningaréttur	Aðalsteinn Leifsson, Hafliði Kr. Lárusson og Pórhur S. Gunnarsson
Heilbrigðisréttur	Dögg Pálsdóttir
Íslensk stjórnsmál	Guðni Th. Jóhannesson
Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir	Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Mannréttindi í viðskiptum	Páll Ásgeir Davíðsson og Ursula Wynhoven
Málstofa í stjórnsýslurétti	Margrét V. Kristjánsdóttir, Sesselja E. Árnad. og Særun María Gunnarsdóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías Geir Pálsson
Réttarsaga	Guðni Th. Jóhannesson og Ragnhildur Helgad.
Réttarsálfræði	Gisli H. Guðjónsson og Jón Fr. Sigurðsson
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Pórdís Ingadóttir
Verktaka- og útbóðsréttur	Erlendur Gíslason og Othar Örn Petersen
Vörumerkjarettur	NN
ML-ritgerð	

VORÖNN 2011

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

Afbrotfræði II	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðadómstólar og fríðsamlegar úrlausnir deilumála	Pórdís Ingadóttir
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Alþjóðlegur skattaréttur I	Gunnar Gunnarsson
Bandarísk réttarsaga, réttarkerfi og lög	Steinn Jóhannesson og Drew Prisner
Evrópskur lyfjaréttur	Gunnar Þór Pétursson
Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hallgrímur Ásgeirsson
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hagnýt réttarheimspeki	Davíð Þór Björgvinsson og Bostjan Zupancic
Hagnýtur samningaréttur	Aðalsteinn Leifsson, Hafliði Kr. Lárusson og Pórhur S. Gunnarsson
Íslensk stjórnsmál	Guðni Th. Jóhannesson
Mannréttindi í viðskiptum	Páll Ásgeir Davíðsson og Ursula Wynhoven
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías Geir Pálsson
Málstofa um hugverkasamninga	Hafliði Kr. Lárusson
Málstofa: Orkuréttur – lagaumhverfi orkumarkaðarins	Kristín Haraldsdóttir
Vátryggingaréttur	Póra Hallgrímsdóttir
Willem C. Vis International Commercial Arbitration Moot, framhald	Garðar Víðir Gunnarsson
ML-ritgerð	



Borgar Þór Einarsson hdl.

Stjórnskipuleg óvissuferð

Hinn 4. mars sl. kom fram á Alþingi frumvarp til stjórnskipunarlaganna um viðamiklar breytingar á stjórnarskránni. Ljóst er að flutningsmenn frumvarpsins, Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Birkir I. Jónsson og Guðjón Arnar Kristjánsson, ætla Alþingi mjög skamman tíma til að ráðast í þær grundvallarbreytingar á stjórnskipun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á einstökum köflum stjórnarskrárinnar. Sátt hefur ríkt um þær breytingar og aðdragandi þeirra verið langur. Þessar breytingar eru öðru marki brenndar, ekki ríkir samstaða um málið og til stendur að afgreiða það á örfáum vikum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í kjölfar bankahruns haustið 2008 og efnahagskreppu sem síðan tók við hafi orðið talsverð umræða í þjóðfélaginu um þörf á að endurskoða ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi. Ennfremur eru þau rök færð fyrir málinu í greinargerðinni að minnihlutastjórn VG og Samfylkingar sem situr til bráðabirgða fram að kosningum hafi sett sér markmið um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú ríkisstjórn var að sögn mynduð til að bregðast við bráðavanda fyrirtækja og heimila í landinu, til að ráðast í aðgerðir sem ekki þyldu neina bið. Eru breytingar á stjórnarskrá lausn á þeim bráðavanda?

Í grein sem Skúli Magnússon, lögfræðingur og ritari EFTA-dómstólsins, ritaði í Fréttablaðið sama daga og ofangreint frumvarp var lagt fram áréttar hann þetta atriði með sannfærandi hætti:

„Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma - sum eflaust sársaukafull og misvinsæl - og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands. Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun,“ ritar Skúli.

Þótt vissulega séu meinbugir á ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar þá er leitun að þeim lagatexta sem þjónað hefur tilgangi sínum jafn vel. Raunar má halda því fram að stjórnarskráin sé það haldreipi - sú stjórnskipulega festa - sem

við Íslendingar þurfum helst á að halda í núverandi erfiðleikum. Það er ennfremur fullkomlega óábyrgt, svo ekki séu notuð sterkari orð, að fella viðamiklar breytingar á stjórnarskrá undir bráðaaðgerðir vegna aðsteðjandi efnahagsvanda, eins og ríkisstjórnin gerir með því að setja málið í forgang.

Það hefur verið sagt að viðbrögð valdhafa við kreppu séu oft verri en kreppan sjálf. Sú fyrirætlan stjórnvalda nú að leggja í stjórnskipulega óvissuferð í miðjum storminum gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Á undanförunum mánuðum hefur reynt mjög verulega á innviði og stoðir íslensks samfélags. Þótt ýmislegt hafi undan látið hafa styrkar stoðir stjórnskipunarinnar haldið. Svo aftur sé vitnað til skrifna Skúla Magnússonar:

„Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill, svo ekki sé sterkar tekið til orða. Um stjórnarskrána gildir líkt og margt annað að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“

CREDITINFO ÍSLAND
 UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN

N&N




NOTAÐ & NÝTT



SKIPTASTJÓRAR

Kaupum eða tökum í umboðssölu:

- > Lagera
- > Skrifstofuhúsgögn
- > Skrifborðstóla
- > Tölvur
- > ...og margt fleira



Opnunartími:

Virka daga 11-18

Laugardaga 11-16

Sunnudaga 13-16

>> Tökum á móti vörum utan opnunartíma,
upplýsingar í síma 517-2030



Notað og Nýtt > Mörkinni 1 > sími: 517 2030



Páll Bragi Kristjánsson

Sérkennileg „jólahugvekja“

Í síðasta hefti Lögmannablaðsins skrifar Gunnar Jónsson hrl. „jólahugvekju“ og vikur m.a. að útgáfu tveggja bóka um gjaldþrot Hafskips hf. og eftirmála þess á svohljóðandi hátt:

„Skipafélagið var skrifað á flot í tveim bókum nýverið. Bækurnar voru í boði enskra og hollenskra sparifjäreigenda. Veruleg áhöld eru um hvort sögu-skýringar í þeim séu á sjó setjandi.“

Ég tel víst, að þessi langsótti málflutningur Gunnars Jónssonar hrl. í „jólahugvekju“ skýrist af því sem hér segir: Þann 2. október 2008 sendu hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir ítarlega og vel studda kröfu um opinbera rannsókn til ríkissaksóknara. Krafa þessi var send fyrir hönd okkar Björgólfs Guðmundssonar, Helgu Thomsen, ekkju Ragnars Kjartanssonar, Þórðar H. Hilmarssonar og Helga Magnússonar á grundvelli og með heimild í 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Tilefni rannsóknarinnar eru ætluð brot yfirborgarfégetans í Reykjavík og borgarfégeta/skiptaráðenda við embætti hans, ríkislögmans, ríkissaksóknara,

rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og starfsmanna þeirra gegn ákvæðum XIV. og XV. kafla almennra hegningarlaga nr 19/1940, einkum 148. gr., þegar ákvörðun var tekin um og framkvæmd var rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi fyrrverandi fyrrvarsmanna Hafskips hf. á grundvelli skýrslu borgarfégeta skiptaréttar Reykjavíkur til ríkissaksóknara dagsettri 6. maí 1986. Teljum við að fram sé kominn rökstuddur grunur um brot hinna opinberu starfsmanna af þessu tagi.

Gunnar Jónsson hrl. fullyrðir, að bækurnar um Hafskipsmálið hafi verið kostaðar af Icesave-reikningum Landsbankans með peningum hollenskra og breskra sparifjäreigenda. Bækurnar sem hér um ræðir eru án nokkurs vafa „Afdrif Hafskips í boði hins opinbera“ eftir Stefán Gunnar Sveinsson sagnfræðing, og „Hafskip í skotlínu“ eftir Björn Jón Bragason, sagnfræðing og B.A. í lögfræði. Þessi tenging er óskiljanleg með öllu og algjörlega tilefnislaus, þótt einn af fimm rannsóknarbeiðendum sé Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbanka Íslands hf. Gunnar Jónsson hrl. fullyrðir semsagt

raka- og blygðunarlaust, að framið hafi verið auðgunarbrot með því að láta almenningshlutafélagið Landsbankann greiða kostnað bankanum alls óviðkomandi. Með þessu framferði er Gunnar Jónsson hrl. að ófrægja okkur öll, sem að rannsóknarbeiðninni stöndum og gera lítið úr kröfu okkar um sakamálarannsókn, sem ýmsir einstaklingar honum tengdir persónulega skuli sæta. Rannsóknarbeiðnin er studd rannsóknum framangreindra sagnfræðinga, sem hafa leitt í ljós fjölmargar nýjar upplýsingar og gögn áður hulin í málinu.

Ég tel framgöngu Gunnars Jónssonar ósamboðna hæstaréttarlögmanni og álít, að þeir sem leiti réttar síns eigi ekki að þurfa að þola svo niðingslega framkomu af hálfu hæstaréttarlögmanns fyrir það eitt að vekja athygli á og bera mál undir rétt stjórnvöld. Ég tel að þessi framganga og málflutningur sé til þess fallinn að rýra heiður og trúverðugleika lögmannastéttarinnar.

Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Hafskipi hf.

Meistaránám í skattarétti og reikningsskilum

LAGADEILD

www.lagadeild.hi.is

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

www.vidskipti.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Haustið 2009 hefst nýtt þverfaglegt meistaránám skipulagt af viðskiptafræðideild og lagadeild Háskóla Íslands.

Námið hentar mjög vel fyrir alla útskrifaða lögfræðinga og viðskiptafræðinga sem vilja styrkja þekkingu og auka sérhæfingu á þessu sviði.

Skipulag námsins, sem er 90 einingar, er sem hér segir:

Haust 2009

Íslenskur skattaréttur - almennur hluti

Íslenskur skattaréttur - sérstakur hluti

Ársreikningagerð A

Endurskoðun

Vor 2010

Alþjóðlegur skattaréttur - almennur hluti

Alþjóðlegur skattaréttur - sérstakur hluti

Ársreikningagerð B

Haust 2010

Stjórnsýslu-endurskoðun

Félagaréttur I

Ritgerð

Vor 2011

Samstæðu-reikningsskil

Félagaréttur II

Greining ársreikninga

Ritgerð

Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA prófi frá lagadeild Háskóla Íslands eða BS prófi eða BA prófi frá viðskiptafræðideild háskólans eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2009.

Sjá nánar á vidskipti.hi.is og lagadeild.hi.is



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri

Fjölgun félagsmanna og fleira

Reglur um innheimtustarfsemi lögmannna

Stjórn félagsins vinnur nú að gerð reglna um innheimtustarfsemi lögmannna á grundvelli 2. og 3. mgr. 15. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Reglunum er ætlað að taka til lögmannna sem falla undir ákvæði 1. mgr. 12. gr. lögmannnalaga nr. 77/1998 og einnig til innheimtufyrirtækja sem eru að fullu í eigu lögmannna og/eða lögmannsstofa og sinna innheimtu samkvæmt 1. gr. innheimtulaganna. Drög þessara reglna verða væntanlega kynnt félagsmönnum í apríl n.k.

Skipað í dómnefnd

Stjórn félagsins hefur tilnefnt Bjarna S. Ásgeirsson, hrl., sem aðalmann og Ástríði Gísladóttur, hdl., sem varamann í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. dómstólalaga nr. 15/1998.

Hdl.-námskeið

Nú stendur yfir námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður og er þetta 11. námskeiðið sem haldið er frá því fyrirkomulagi réttindaöflunar var breytt með lögum 77/1998 um lögmennt. Fjöldi nýskráðra á nám-

skeiðinu er 35 og koma þeir frá laga-deildum allra þeirra fjögurra háskóla sem útskrifa lögfræðinga á landinu. Til viðbótar sitja ellefu aðrir lögfræðingar námskeiðið en um er að ræða þátttakendur af fyrri námskeiðum, sem ekki höfðu lokið öllum prófum.

Fundur með David Wilkins

Þann 27. febrúar s.l. stóð Lögmannafélagið fyrir hádegisverðarfundum með David Wilkins, prófessor við Harvard Law School um áskoranir og tækifæri í starfi lögmannna á breyttum tímum. Fundurinn var afar áhugaverður í alla staði, þar sem tæpt var á fjölmörgum þáttum sem búast má við að lögmennt þurfi að takast á við á næstu misserum og árum í kjölfar erfiðleika í efnahagsmálum heimsins. Nánari samantekt um fundinn er að finna annars staðar í blaðinu.

Fjölgun félagsmanna

Mikil fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands heldur áfram. Þannig voru 791 lögmaður skráður í félagið í byrjun mars samanborið við 773 á sama tíma árið 2008. Væntanlega mun þessi þróun halda áfram á þessu ári, a.m.k. miðað við þann fjölda lögfræðinga sem nú sitja námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Einnig er gert

ráð fyrir að annað réttindanámskeið verði haldið næsta haust sem væntanlega kemur fram í enn frekari fjölgun lögmannna í lok ársins.

Leiðbeiningar til dómskvaddra matsmanna

Vinna sem stjórn Lögmannafélagsins setti af stað á síðasta ári um gerð leiðbeininga til dómskvaddra matsmanna er nú á lokastigi og má vænta þess að drög þeirra verði kynnt í lok mars eða byrjun apríl næstkomandi.

Reglur um málskostnað í einkamálum

Hugmyndir hafa verið uppi um smíði sérstakra viðmiðunarreglna til að ákvarða málskostnað í einkamálum, svipaðar þeim sem þegar gilda um ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf. Á næstunni munu fulltrúar félagsins funda með Dómstólaráði þar sem farið verður yfir helstu þætti sem taka þarf mið af verði gerð slíkra reglna á annað borð hrint í framkvæmd.

Norrænt samstarf

Forsætisfundur norrænu og baltnesku lögmannafélaganna verður haldinn í Helsinki 24. apríl n.k. Meðal efnis á

fundinum eru áhrif efnahagsþrenginga á trúnaðarskyldu lögmanna, samskipti lögmannafélaga og stjórnvalda, notkun upplýsingatækni við rekstur lögmannafélaga og í samskiptum við félagsmenn og loks kostir og gallar aðildar að CCBE - samtökum evrópskra lögmannafélaga.

Fámennur aukaaðalfundur LMFÍ

Á aukaaðalfundi Lögmannafélags Íslands, sem haldinn var 21. janúar s.l. var Kristinn Bjarnason, hrl., kjörinn fulltrúi félagsins í úrskurðarnefnd lögmanna til næstu þriggja ára og Helgi Birgisson, hrl., til vara. Ástæðan fyrir fundinum var sú að kjörtímabil fulltrúa félagsins í úrskurðarnefnd lögmanna og varamanns hans var útrunnið og því þurfti að kjósa nýja fulltrúa. Ekki þótti rétt að bíða næsta aðalfundar þar sem mörg mál bíða afgreiðslu nefndarinnar.



Aukaaðalfundur LMFÍ var fámennur. F.v. Ingimar Ingason, Lárentsínus Kristjánsson og Gestur Jónsson.

Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:

Helga Harðardóttir

s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517

Auglýsingar lögmannanna – tákn um nýja tíma?



Markaðssetning virðist vera órjúfanlegur þáttur nútímans og þykir erfitt fyrir þann sem býður upp á þjónustu að geta ekki vakið athygli á henni með einhverjum hætti. Áður fyrr treystu menn á að gott orðspor færði þeim viðskiptavini og þá skipti tengslanetið mestu máli. Þótt slíkt net hafi ennþá mikið að segja þá virðist það ekki lengur duga til.

Lögmaður má auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum.

Óheimilt er lögmanni að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og að afla sér viðskipta með öðrum aðferðum, sem sama marki eru brenndar.

42. grein Codex ethicus

Síðustu misseri hafa lögmennt og lögmannsstofur í vaxandi mæli auglýst þjónustu sína í fjölmiðlum. Að minnsta kosti þrjár lögmannsstofur hafa birt auglýsingar í dagblöðum og sjónvarpi með áberandi hætti þar sem höfðað er til þeirra sem hugsanlega eiga rétt á slysabótum. Enginn hefur hins vegar enn séð ástæðu til að auglýsa kunnáttu

sína í sífja- og erfðarétti svo dæmi séu tekin og hvað þá áralanga reynslu af landamerkjamállum. Má velta fyrir sér hvað veldur.

Nýlega hafa lögmannsstofur einnig byrjað að sjá um kostun ákveðinna dagskrárliða í sjónvarpi. Þannig eru nokkrir þættir sem fjalla um störf lögmannanna eða lögreglu kostaðir af lögmannsstofum á Skjá einum.

Auglýsingaskrum til umfjöllunar á aðalfundi

Á aðalfundi LMFÍ vorið 2008 vakti Jónas Haraldsson hrl. athygli á þremur auglýsingum lögmannsstofa sem birtust í dagblöðum þennan sama dag. Í öllum tilvikum voru lögmennt að auglýsa þjónustu vegna skaðabótamála og taldi hann þær ólögmaetar, ósanngjarnar og ósiðlegar.

Í fyrstu auglýsingunni sagði meðal annars að viðkomandi lögmannsstofa væri númer eitt í innheimtu slysabóta, lögmennt hennar væru jafnframt sérfræðingar í innheimtu slysabóta og fólk gæti kannað rétt sinn sér að kostnaðarlausu. Í annarri auglýsingu var sagt að lögmannsstofan hefði afdráttarlausu sérstöðu í slysa- og skaðabótamálum. Jónas taldi auglýsingarnar brjóta gegn 42. gr. siðareglna lögmannanna og einnig gegn 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þar segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum og að þær megi ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Í þriðju auglýsingunni bauð lögmannsstofa upp á ókeypis ráðgjöf í umferðar- og vinnuslysamálum, öðrum líkams-

tjónamálum og almennum lögfræðistörfum. Jónas taldi það ekki samræmast 42. gr. siðareglna lögmanna að bjóða fyrsta viðtalið frítt en rukka síðan um allt það sem á eftir fer þegar búið er að ná til sín viðskiptunum.

Jónas skoraði á stjórn LMFÍ að taka þessi mál fyrir og ákveða hvað samrýmdist góðum lögmansháttum áður en auglýsingaskrum einstakra lögmanna færi algerlega úr böndum.

Stjórn LMFÍ fjallaði um athugasemdir Jónasar á fundum sínum og taldi ekki ástæðu til að móta sérstakar reglur um auglýsingar lögmanna sem lytu ákvæðum samkeppnislaga og siðareglna sem eftir atvikum ættu undir lögsögu dómstóla eða úrskurðarnefnd lögmanna.

*„Auglýsingar og aðrar viðskipta-
aðferðir skulu ekki vera ósann-
gjarnar gagnvart keppinautum eða
neytendum vegna forms þeirra eða
sökum þess að skírskotað er til
óviðkomandi mála“.*

2.mgr. 6.gr. laga nr. 57/2005
um eftirlit með ólögætum
viðskiptaháttum og gagnsæi
markaðarins.

Stjörnulögmenn

Sumir lögmenn hafa fengið mikla athygli í fjölmiðlum vegna mála sem þeir hafa tekið að sér og njóta þeirrar kynningar lengi. „Stjörnulögmenn“ eru þeir kallaðir og vekja jafnvel athygli fyrir margt annað en störf sín í lögmennsku. Eitthvað virðist um að lögmenn veki athygli fjölmiðla á málum til að fá ókeypis kynningu. Þá skrifa lögmenn greinar í dagblöð og blogga svo dæmi séu tekin. Lögmenn eru að sjálfsögðu þátttakendur í samfélaginu og hafa afskipti af þjóðfélagsmálum. Þar njóta þeir einnig kynningar í störfum sínum sem lögmenn.

Netið sem auglýsingamiðill

Sífelld fleiri lögmenn notfæra sér internetið til að koma þjónustu sinni á framfæri og allar stærri lögmansstofur landsins hafa lagt mikinn metnað í gerð heimasíða þar sem finna má allar helstu upplýsingar um þau réttarsvið sem lögmenn stofunnar sinna. Nefna má að ein lögmansstofa hefur tekið upp á því

á reglum IBA. Forsaga málsins er sú að International Bar Association var lengi með í siðareglum sínum að það samræmdest ekki virðingu lögmanna að auglýsa þjónustu sína. Amerískir lögmenn töldu það hins vegar brjóta gegn stjórnarskrárbundum réttindum sínum um málfrelsi að geta ekki auglýst þjónustu sína og fóru tvisvar með málið



á heimasíðu sinni að fjalla um og reifa dómsmál sem lögmenn stofunnar hafa rekið og náð góðum árangri í.

Lögmannafélag Íslands býður lögmönnum upp á að skrá sig fyrir þeim mála-flokkum sem þeir hafa sérhæfingu í á Lögmannaálistanum. Heimasíða Lögmannafélagsins er mikið notuð af þeim sem leita eftir þjónustu lögmanna og sem dæmi má nefna þá voru heimsóknir á síðuna um 16.000 talsins í janúar sl.

Siðareglur í sögulegu ljósi

Siðareglur lögmanna (Codex ethicus) voru fyrst settar árið 1960 en hafa sætt endurskoðun sex sinnum síðan þá. Til ársins 1985 var lögmönnum bannað að auglýsa þjónustu sína með beinum hætti en þá breytti LMFÍ siðareglum sínum í samræmi við breytingar sem orðið höfðu

fyrir Hæstarétt Bandaríkjanna, árin 1977 og 1982. Í síðara skiptið var tekið undir sjónarmið þeirra og reglum breytt í kjölfarið.

Þrátt fyrir að rúm tuttugu ár séu liðin frá því reglurnar breyttust á Íslandi er það ekki fyrr en á síðustu misserum sem lögmenn hafa auglýst þjónustu sína í einhverjum mæli. Fremstar í flokki fara lögmansstofur sem sinna sérstaklega slysa- og bótamálum ýmiss konar en spurningin er hins vegar í hvaða átt þessi mál þróast. Eigum við eftir að sjá lögmenn og lögmansstofur auglýsa þjónustu sína með afgerandi hætti í framtíðinni?

Lögmannablaðið leitaði álits þriggja lögmanna á auglýsingum og þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum.



Gylfi Thorlacius hrl.

„Ambulance-chasers“ ekki við hæfi

Gylfi Thorlacius, hrl. hjá Lögmannsstofunni Fortis, telur að lögmenn verði að gæta hófs í framsetningu auglýsinga þótt ekki sé rétt að setja skorður við þeim.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt á sínum tíma að aflétta banni við auglýsingum lögmanna og í sjálfu sér ekkert nema jákvætt að almenningur sé upplýstur um rétt sinn. Hins vegar tel ég að lögmenn verði að gæta hófs í framsetningu auglýsinga sinna og hafa í huga virðingu stéttarinnar. Þykir mér ekki við hæfi t.d. að menn dreifi upplýsingarbæklingum inn á læknastofur og slysadeildir sjúkrahúsa um starfsemi sína eins og dæmi eru um og minnir

mann óneitanlega á þá lögmenn sem Bandaríkjamenn kalla „ambulance-chasers“. Ekki gengur heldur að lögmenn brjóti samkeppnislög og reglur með fullyrðingum eins og „bestir“ og „númer eitt“ í tilteknum málaflokkum. Að mínu mati koma auglýsingar einstakra lögmanna um tiltekna málaflokka stéttinni í heild til góða en þegar upp er staðið er það orðspor hvers lögmanna sem vegur þyngst.

Hvernig markaðssetur þín stofa þjónustu sína?

Í símaskrá, með heimasíðu og á já.is. Einnig hófum við nýlega að auglýsa í fjölmiðlum.



Helgi Jóhannesson hrl.

Auglýsingar fara eftir praxis

Helgi Jóhannesson hrl. er faglegur framkvæmdastjóri LEX sem er ein stærsta stofa landsins. Helgi sagði fyrirtækið sjaldan auglýsa þjónustu sína beint í fjölmiðlum.

Við markaðssetjum Lex með metnaðarfullri heimasíðu, dreifum kynningar efni til viðskiptavina okkar og heim-sækjum þá í þeim tilgangi að efla tengslin. Þegar fyrirtækið flutti sl. vor þá auglýstum við það vel og eins notum við tækifærið þegar við leitum eftir nýju starfsfólki. Við auglýsum svo í fag-tímaritum um lögfræði en lítum meira á þær sem styrk heldur en beina markaðssetningu.

Hver er þín skoðun á auglýsingum lögmanna?

Það fer eftir því um hvaða praxis er verið að ræða. Fyrir okkar fyrirtæki sem einbeitt sér að fyrirtækjalögfræði skipti meira máli að ná í persónuleg sambönd við viðskiptavinina.

Telur þú að lögmenn eigi eftir að auglýsa þjónustu sína í auknum mæli í framtíðinni?

Já, miðað við það sem var. Ég held að lögmannastofur þurfi að vera vakandi yfir markaðssetningu annars konar miðla, t.d. netsins. Stór hópur fólks á aldrinum 20-40 ára leitar að allri þjónustu á netinu.



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, mállystór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagöfja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Simaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is



Óðinn Elísson hrl.

Ástæða til að kynna fólki rétt sinn

Lögmannsstofan Fulltingi hefur auglýst þjónustu sína með áberandi hætti undanfarið. Óðinn Elísson hrl. aðaleigandi Fulltingi slysa- og skaðabótamála ehf. var spurður að

Því hvað hefði komið til að lögmannsstofan hefði stigið þetta skref:

Í byrjun árs 2008 urðu breytingar á starfsemi og eignarhaldi hjá Fulltingi. Í dag eru stofurnar tvær, þ.e. Fulltingi lögfræðiþjónusta ehf. og Fulltingi slysa- og skaðabótamál ehf., þar sem engin skörun er á eignarhaldi. Í kjölfarið hóf mitt félag kynningu á breyttu eignarhaldi og þegar nýtt lógó og nýtt fræðslufni lá fyrir sl. haust var ákveðið að kynna Fulltingi slysa- og skaðabótamál ehf. Jafnframt töldum við ástæðu til að kynna fólki rétt sinn í þessum málaflokki.

Með hvaða hætti markaðssettuð þið ykkur áður?

Jafnt nú sem fyrr er helsta auglýsing okkar ánægðir viðskiptamenn, auk þess sem við höldum úti góðri heimasíðu og endurnýjum upplýsinga- og fræðslu-

bæklinga reglulega. Að auki teljum við auglýsingarnar til þess fallnar, óháð því frá hverjum þær stafa, að fleiri leiti réttar síns og þannig hafi þær áhrif.

Telur þú að lögmenn eigi eftir að auglýsa þjónustu sína í auknum mæli?

Lögmenn á ákveðnum sérhæfðum starfssviðum munu án efa auglýsa þjónustu sína í auknum mæli í framtíðinni. Það er þó grundvallaratriði að mínu mati að þær auglýsingar verði fagmannlegar. Auglýsingar eiga að upplýsa um rétt einstaklinga og fela í sér kynningu á þeirri þjónustu sem til boða stendur en ekki fela í sér fullyrðingar um reynslu og eigið ágæti sem ekki virðist vera innistæða fyrir í sumum tilvikum.

Eyrún Ingadóttir tók saman.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dömtúlkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 · 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



Við varðveitum gögnin þín

GAGNAÖRYGGI

Gagnaöryggi ehf. · Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 587 3300 · www.gagnaoryggi.is

Jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu 2008

Þegar allt stefndi í að árið 2008 liði án þess að lögmenn hittust og iðkuðu léttar knattæfingar var blásið til knattspyrnumóts þann 19. desember.

Kallað til þings

Síðasta mót var haldið vorið 2007 en einhverra hluta vegna náði framtakssemi nýrrar íþróttanefndar ekki þeim hæðum að kalla til þinghalda í knattspyrnu. Þegar sást til hóps lögmanna berja búsáhöld á Austurvelli

til að mótmæla því að ekkert fótbolta-mót hefði verið haldið á árinu sá gamla nefndin sig knúna til að taka völdin á nýjan leik. Linniti þá látum á Austurvelli. Tókst með naumindum að fá sal rétt fyrir jólin og boða lögmenn til jólasnapsmóts LMFÍ árið 2008.

Vítur samþykktar

Að venju fór mótið fram í íþróttahúsi Fram við Safamýri. Sex lið mættu til leiks en sjö voru skráð. Hafði Gjald-

heimtan skráð lið til leiks en einhverra hluta vegna mættu Gjaldheimtugaurarnir ekki og voru samþykktar vítur á þá fyrir vikið.

Gamlar kempur og kammerjómfrú

Allar gömlu kempurnar mættu til leiks og sýndu forna fimi. Þruman byrjaði glæsilega en gaf eftir undir lokin. Grínarafélagið tók hinn pólinn í hæðina, tapaði þremur leikjum en vann síðustu tvo eftir að kammerjómfrúin mætti á svæðið.

Lokastaðan varð þessi:

RogL	4 1 0	18:10	13
Opus	3 1 1	9:6	10
Þruman	2 1 2	11:11	7
Grínarafélagið	2 0 3	10:12	6
Lex	1 2 2	7:9	5
Logos	0 1 4	5:12	1

Tími Opus mun koma

Enn á ný sigraði lið Reynslu og Léttleika en Opus veitti þeim harða keppni.

Í næst síðustu umferð áttust liðin við og komst Opus í 3-1. Reynslan kom þá til sögunnar og náðu þeir félagar að jafna leikinn 3-3 rétt undir lokin. Ljóst er að tími Opus mun koma.

Mörg ár eftir í boltanum

Þruman stóð fyrir sínu eins og endranær og er víst að þeir félagar eiga mörg ár eftir í boltanum. Lið Lex og Logos ráku síðan lestina en sýndu góða takta inn á milli. Othar Örn liðsstjóri sást ekki á bekknum hjá Logos og má rekja árangur þeirra Logosmanna að hluta til skorts á liðsstjórn. Þá var lið Lex sem vængbrotinn fugl þar sem faglegur



Eins og sjá má voru tilþrífir mikil á jólasnapsmótinu. Efri mynd f.v.: Arnar Þór Stefánsson, Grétar Jónasson, Jóhannes B. Björnsson og Smári Hilmarsson. Neðri röð f.v. Brynjólfur Eyvindsson, Tómas Jónsson og Davíð Guðmundsson.

framkvæmdastjóri, Helgi Jóhannesson, gat ekki stjórnað sínum mönnum af hliðarlínunni vegna anna við kvik-myndaleik.

Til heiðurs Erni Clausen

Mótið var tileinkað Erni Clausen hæstaréttarlögmanni sem borinn var til grafar þennan sama dag. Í mótslok voru afhent verðlaun og skálað honum til heiðurs í dönskum jólasnaps.

Teini og Tóta

Mótið fór í alla staði vel fram og reyndi ekki á áfrýjunarnefnd Teina og Tótu en sú nefnd er skipuð þeim Marteini Mássyni hrl. og Þórunni Guðmundsdóttur hrl., sem jafnframt er verndari mótsins. Komu engin þau deilumál upp á mótinu sem ástæða þótti til að leggja fyrir nefndina.

Smári Hilmarsson hrl.



Kampakátir liðsmenn Reynslu & Léttleika með bikar, bjór og gull um háls. Efri röð f.v.: Anton Björn Markússon, Grétar Jónasson og Bjarki Diego. Neðri röð f.v.: Árni Harðarson, Jón Ármann Guðjónsson, Ásgeir Ragnarsson, Jóhannes Bjarni Björnsson, fyrirlíði.

Af vettvangi félagsins



Frá hausti hefur Lögmannafélagið, ásamt Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands, staðið að undirbúningi Lagadagsins 2009 sem haldinn verður fimmtudaginn 30. apríl næstkomandi. Félögin fengu lagadeildir háskólanna og nokkrar af stærri lögmannsstofunum til samstarfs við samningu metnaðarfullrar dagskrár sem er því sem næst tilbúin. Þetta er í annað sinn sem Lagadagurinn verður

haldinn en hann þótti heppnast einstaklega vel á síðasta ári.

Meginefni lagadagsins að þessu sinni verður stjórnarskráin en auk þess er stefnt að því að halda sex minni málstofur þar sem fjallað verður um persónulega ábyrgð stjórnarmanna samkvæmt hlutafélagalögum, skattarétt, auðlindarétt, kröfur til fjármálafyrirtækja, ráðherraábyrgð og neyðarlögin. Allir

lögfræðingar ættu því að geta fundið efni við sitt hæfi í dagskrá Lagadagsins.

Lagadagurinn hefst með hádegisverði og sameiginlegri málstofu. Um kvöldið verður frábær skemmtidagskrá og dansleikur en Lagadagurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.



Úrskurðarnefnd fundar reglulega í húsakynnum LMFÍ. F.v. Marteinn Másson, starfsmaður úrskurðarnefndar, Kristinn Bjarnason, hrl., Gestur Jónsson, hrl. og formaður og Einar Gautur Steingrímsson, hrl.

Fundið að störfum lögmanna

Úrskurðarnefnd lögmanna greiðir úr ágreiningi sem skapast um störf lögmanna og kveður upp árlega milli 20-25 úrskurði. Í fimm nýlegum úrskurðum var fundið að störfum lögmanna en nefndin vísaði einu máli frá á þeim grundvelli að kæra laut að athöfnum eða háttsemi einstaklings sem var ekki með virk lögmansréttindi og féll utan lögboðins valdsviðs nefndarinnar.

Í þeim erindum sem úrskurðarnefndinni berast gera kærendur gjarnan kröfu um skaðabætur eða endurgreiðslu kostnaðar frá hinum kærða lögmanni. Úrskurðarnefndin á ekki aðra kosti en að vísa slíkum kröfum frá enda fellur það utan lögbundins valdsviðs hennar. Úrskurðir úrskurðarnefndar lögmanna eru birtir í heild sinni á heimasíðu félagsins en hér verður fjallað um þá fimm úrskurði þar sem fundið var að störfum lögmanns.

Mat á hæfilegu endurgjaldi og mikilvægi tímaskýrslu

Í máli þar sem kvartað var yfir starfsaðferðum lögmanns í tengslum við rekstur dómsmáls fyrir kæranda hafði lögmaður krafið kæranda um alls 1.545.200 krónur fyrir lögmansþjónustu, auk dráttarvaxta og kostnaðar, að frádregnum 800.000 krónum sem höfðu verið greiddar inn á verklaun lögmannsins. Í úrskurði nefndarinnar er rakið hvernig tímaskráningu lögmannsins var háttáð ásamt því að meta eðli og umfang starfsins með því að fara yfir þau gögn sem tengdust mála-rekstrinum. Taldi nefndin það m.a. gagnrýniverð að tímaskýrsla lögmannsins veitti aðeins takmarkaðar upplýsingar um þau verkefni sem lögmaðurinn sinnti fyrir kæranda og fáum gögnum væri til að dreifa sem gætu varpað ljósi á eðli og umfang starfa lögmannsins. Nefndin taldi því hæfilegt endurgjald vera 800.000 krónur með virðisaukaskatti.

Úrskurðarnefndin fann einnig að þeirri háttsemi lögmannsins að svara seint ítrekuðum tilmælum nefndarinnar um að gera grein fyrir máli sínu en hann dró það í rúma fimm mánuði umfram upphaflegan frest. Svör lögmannsins voru einnig talin ófullnægjandi enda voru þar engar skýringar gefnar um umkvörtunarefni kæranda en látið nægja að vísa kröfugerð hans á bug.

Aðfinnsluverð fullyrðing lögmanns

Sjálfstætt starfandi sérfræðingur kærði lögmann fyrir að vega mjög harkalega að starfsheiðri sínum í bréfi til sín. Sérfræðingurinn taldi háttarni lögmannsins hafa verið ósæmilega, dónalega og klámfengna þannig að gengið hefði út yfir öll mörk almennrar siðsemi og þau mörk sem lögmanna lög og siðareglur lögmanna setja.

Sérfræðingurinn hafði unnið greinargerð fyrir tryggingafélag um hvort það

ætti að ganga til uppgjörs á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerðar um örorku váttryggingartaka. Vegna greinargerðarinnar sendi lögmaðurinn sérfræðingnum bréf þar sem hin umdeilda háttsemi kom fram.

Lögmaðurinn gerði úrskurðarnefnd grein fyrir aðdraganda skrifa sinna og sagði meginefni þeirra hefðu falið í sér málefnalega gagnrýni sem hefðu ekki beinst að sérfræðingnum persónulega.

Niðurstaða nefndarinnar var að sú lýsing lögmannsins í fyrra bréfi sínu til sérfræðingsins um að „...hann sé þekktur á þessu sviði sem einstakur naumhyggjumadur hvað varði miska og varanlega örorku fórnarlamba umferðar- og vinnuslysa“, yrði taldar skoðanir sem lögmanninum væri frjálst að hafa um störf sérfræðingsins og yrðu því ekki tilefni beitingar agaviðurlaga. Hins vegar hafi, með staðhæfingum í bréfinu um að sérfræðingurinn komist í matsstörfum sínum fyrirfram að þeirri niðurstöðu að fórnarlömb umferðar- og vinnuslysa hafi í frammi blekkingar, verið gengið lengra í fullyrðingum um vinnubrögð en rök hefðu staðið til. Taldi nefndin framsetningu kærða að þessu leyti aðfinnsluverða.

Um önnur ummæli sem sérfræðingurinn taldi beinast að sér persónulega og komu fram í síðara bréfi lögmannsins til hans taldi nefndin nauðsynlegt að lesa í samhengi við aðra umfjöllun í bréfinu og því var ekki fallist á að orðfæri lögmannsins hefði sérstaklega beinst að sérfræðingnum.

Bótakrafa fyrir í meðförum lögmanns

Einstaklingur kvartaði yfir vinnubrögðum lögmanns vegna slysamáls sem hann hafði falið lögmanninum að reka fyrir sig. Fyrir nefndinni var upplýst að umrætt slysamál hefði ekki verið rekið á þann hátt sem lögmannalög og síðareglur lögmannna gera ráð fyrir. Lögmaðurinn hafi lítt eða ekki sinnt málinu og því hafi það fyrnst í

meðförum hans. Viðurkenndi lögmaðurinn þetta í skrifum sínum til nefndarinnar sem taldi vinnubrögðum lögmannsins ábótavant. Einnig var fundið að þeim drætti sem varð á skrifum lögmannsins til nefndarinnar.

Vanræksla að svara ekki fyrirspurnum

Í erindi sem barst úrskurðarnefnd var deilt um það hvort lögmaður hefði tekið að sér rekstur meiðyrðamáls fyrir kæranda. Með hliðsjón af því að engin gögn lágu fyrir nefndinni um það hvort lögmaðurinn hefði tekið að sér rekstur málsins, önnur en skrif málsaðilanna sjálfra, taldi úrskurðarnefndin ekki unnt að fullyrða að lögmaðurinn hafi tekið annað og meira að sér fyrir kæranda en að fara yfir málið fyrir hann.

Kærandi í málinu taldi framkomu lögmannsins ekki hafa verið í samræmi við síðareglur lögmannna og vísaði til þess að hann hefði verið mjög dónalegur í síma og hvorki svarað skilaboðum né tölvupósti. Nefndin taldi það aðfinnsluvert af hálfu lögmannsins að svara ekki fyrirspurnum kæranda sem hann hefði sent með tölvupósti. Með erindi kæranda fylgdu afrit tölvupósta hans til lögmannsins sem allir voru sendir á netfang það sem er skráð við nafn lögmannsins í félagaskrá Lögmannafélags Íslands. Lögmaðurinn hafi hins vegar ekki svarað þessum skilaboðum eða brugðist við þeim með öðrum hætti. Í skýringum lögmannsins til nefndarinnar kom fram að hann hefði ekki orðið var við tölvupóstinn frá kæranda enda væri hann lítið á þeim miðum og kynni einungis að senda tölvupóst til baka. Oft kæmi mikill tölvupóstur og kvaðst lögmaðurinn þá ekki líta á hann allan enda væri hann á eftir tímanum í þessu efni.

Úrskurðarnefndin taldi mega gera þá kröfu til lögmannna, sem bjóði upp á samskiptamáta í gegnum tölvupóst, að þeir lesi eða sjái til þess að tölvupóstur sem berst á netfang þeirra verði lesinn og eftir atvikum að fyrirspurnum eða

öðrum erindum til þeirra verði svarað á svipaðan hátt og erindum sem berast í almennum pósti. Yfirlýst kunnáttuleysi lögmannsins í notkun tölvupósts gat ekki réttlætt það að erindum kæranda með tölvupósti var ekki svarað.

Dómi ekki áfrýjað innan tilskilins frests

Í desember 2008 var kveðinn upp úrskurður í máli vegna vinnubrögða lögmanns fyrir störf í forsjármáli. Annars vegar var deilt um vinnubrögð lögmannsins eftir uppkvaðningu héraðsdóms í forsjármálinu og hins vegar um þóknun lögmannsins.

Forsjármálinu hafði ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar innan tilskilins áfrýjunarfrests og snéri ágreiningur aðila að því hvort lögmanninum hafi verið falið að áfrýja dóminum. Úrskurðarnefndin taldi að gögn málsins sýndu að kærandi hafði mikinn hug á að áfrýja málinu og lögmaðurinn hefði því átt að taka af skarið um hvort hann hygðist áfrýja því fyrir kæranda innan áfrýjunarfrests en láta hann ella vita með hæfilegum fyrirvara.

Lögmaðurinn viðurkenndi að sér hefði yfirsétt sú breyting sem gerð hefði verið á áfrýjunarfresti með barnalögum frá árinu 2003 sem kveður á um eins mánaðar áfrýjunarfrest í stað þriggja áður.

Að mati nefndarinnar var aðfinnsluvert að láta áfrýjunarfrestinn líða án þess að hafast nokkuð að. Gera verður þá kröfu að lögmaður þekki reglur um áfrýjunarfresti, bæði almennar reglur sem og sérreglur eins og þá sem gildir samkvæmt barnalögum. Að því er varðar þóknun lögmannsins í málinu þá taldi úrskurðarnefndin það hafa samrýmst umfangi vinnunnar og væri því hæfilegt í skilningi lögmannalaga. Hægt er að lesa úrskurði úrskurðarnefndar í heild á heimasíðu LMFÍ.

Ingvi Snær Einarsson hdl. tók saman.



Um þrjátíu manns hlýddu á hádegisfyrirlestur David B. Wilkins.

Lögmenn í kjölfar kreppunnar

Föstudaginn 27. febrúar 2009 var haldinn fundur á vegum LMFÍ sem bar yfirskriftina „Áskoranir og tækifæri í starfi lögmanna á breyttum tímum“. Fyrirlesari var David B. Wilkins, prófessor við Harvard Law School og ræddi hann um trúnaðarskyldur og hlutverk lögmanna í réttarríki og helstu breytingar í rekstri lögmansstofa í kjölfar fjármálakreppunnar.

Prófessor Wilkins stýrir tveimur rannsóknaráætlunum við Harvard Law School; „Program on the Legal Profession“ og „Program on Lawyers and the Professional Services Industry.“ Hann hefur um árabíl kennt námskeið sem tengjast lögmennsku, m.a. um starfs hætti lögmanna, siðareglur og rekstur og þróun lögmansstofa. Einnig hefur hann ritað yfir 40 fræðigreinar um störf lögmanna og gefið út bækur um sama efni. Wilkins hefur um árabíl verið vinsæll fyrirlesari á fagráðstefnum lögfræðinga, lögmannafélaga og lögmansstofa, jafnt innan sem utan Bandaríkjanna.

Afleiðingar kreppunnar

Eins og nærri má geta var helsta umfjöllunarefni Wilkins á þessum fundi fjármálakreppan og afleiðingar hennar fyrir rekstur lögmansstofa í Bandaríkjunum. Wilkins taldi að sú lægð sem ríkir í efnahagsmálum í Bandaríkjunum kunni að vara út árið 2010. Ein af afleiðingum fjármálakreppunnar yrði sú að búast mætti við því að allt regluverk í kringum fjármál og fjármála starfsemi yrði tekið til endurskoðunar af stjórnvöldum og reglur hertar. Nú yrði litið í baksýnisspegilinn og kannað hvernig koma mætti í veg fyrir að þær aðstæður sköpuðust á ný sem leiddu til kreppunnar.

Wilkins taldi einsýnt að upp kynnu að koma hagsmunaárekstrar. Lögmenn sem unnu áður fyrir stórfyrirtæki og banka færu e.t.v. að liðsinna stjórnvöldum nú eftir kreppuna. Mikilvægt væri að huga að því að menn sætu ekki beggja vegna borðs við þær aðstæður. Einnig gætu komið upp árekstrar sem vörðuðu trúnaðarskyldur lögmanna í málum þar sem lögmansstofur hafa kannski staðið mjög nálægt stjórnnum fyrirtækja og jafnvel setið í þeim, til dæmis í fjármála-geiranum. Leggja yrði áherslu á að standa

vörð um sjálfstæði lögmansstéttarinnar. Erfitt væri fyrir nýtt fólk að komast að lögmansstofum en starfsmannavelta lögmansstofa hefði farið úr 25% árið 2007 í 12% í árslok 2008.

Gætt að rekstrinum

Wilkins fjallaði um nauðsyn þess að lögmenn gættu að rekstri sínum og reyndu að draga úr kostnaði með öllum tiltækum ráðum. Ein af afleiðingum kreppunnar er sú að fleiri lögmansstofur í Bandaríkjunum verða gjaldþrota en sú þróun er þegar hafin. Þær lögmansstofur sem hafa einbeitt sér að fjármálafyrirtækjum eru komnar í vanda og sem dæmi nefndi Wilkins lögmansstofu í Bandaríkjunum sem var með 40 eigendur og 700 starfsmenn sem eingöngu sinnu fjármálafyrirtækjum.

Mörg dæmi væru um að lögmenn hefðu þurft að fækka verulega starfsfólki sínu og jafnvel hefðu meðeigendur þurft að hætta störfum. Einnig hafa eigendur í einhverjum tilvikum þurft að leggja inn eigið fé í reksturinn. Lögmenn hefðu brugðist við ástandinu t.d. með útvistun verkefnaþátta eins og að senda bakvinnslur og bókhald á aðra staði í landinu þar sem ódýrar væri að vinna verkin.



Wilkins taldi einsýnt að upp kynnu að koma hagsmunaárekstrar. Lögmenn sem unnu áður fyrir stórfyrirtæki og banka færu e.t.v. að liðsinna stjórnvöldum nú eftir kreppuna. Mikilvægt væri að huga að því að menn sætu ekki beggja vegna borðs við þær aðstæður.

Tækifæri

Wilkins sagði að starfsemi lögmansstofa kynni að breytast og ný tækifæri að myndast. Til dæmis yrði skiptastjórn og þekking á sviði gjaldþrotaréttar eftirsóttari en áður og kunnátta í félagarétti verðmætari. Ein afleiðing kreppunnar væri óhjákvæmilega sú að rannsaka þyrfti mörg hlutafélög og háttsemi stjórnenda þeirra með tilliti til refsiverðrar háttsemi. Wilkins nefndi einnig að atvinnuleysi myndi aukast nú í kjölfarið og því yrði meiri þörf á lögfræðingum með sérþekkingu á vinnurétti.

Í kjölfar kreppunnar

Wilkins sagði að búast mætti við samruna lögmansstofa í kjölfar þess að fyrirtæki sameinuðust. Lögmenn yrðu að vera sveigjanlegri en áður og duglegir að tileinka sér þekkingu á öðrum sviðum en þeir hefðu starfað á hingað til. Einnig yrðu lögmenn að rækta betur tengsl við viðskiptavinum t.d. með reglulegum heimsóknum, þátttöku í uppbyggingu fyrirtækjanna á ný og síðast en ekki síst með því að sýna stuðning í þeim erfiðleikum sem mörg fyrirtæki eru að ganga í gegnum. Wilkins nefndi

eftirfarandi punkta sem afleiðingu hrunsins:

1. Auknu regluverki um viðskipti á markaði yrði örugglega komið á þar sem krafa væri um meira gagnsæi.
2. Aukin skylda yrði lögð á skýrslugjöf frá fagfólki þ.m.t. lögmönnum.
3. Auknar skyldur yrðu lagðar á sérfræðinga sem aðstoða við skattaráðgjöf í þeim tilgangi að aðskilja hagsmunum sérfræðinga betur frá hagsmunum skjólstæðinga.

Í lokin

Wilkins var spurður að því um hvort tímagjaldsviðmiðun við þóknun lögmanna væri á undanhaldi í Bandaríkjunum. Hann upplýsti að menn væru alltaf að reyna að þróa eitthvað annað form eins og fast gjald fyrir tiltekna verkþætti og stærri lögmansstofur hefðu vissulega getað krafist þess að fá greitt fast gjald fyrir tiltekna verkþætti a.m.k. fyrir hrúnið. Hann taldi þó að tímagjaldið yrði áfram ríkjandi viðmið við gjaldtöku lögmanna en nefndi að erfiðara væri fyrir lögmenn að fá greitt fyrir sína þjónustu en áður.

Magnús Haukur Magnússon, hrl.



Á fremra borði sitja frá vinstri: Páll Arnór Pálsson, Magnús Haukur Magnússon, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Viðar Lúðvíksson og Ragnar Aðalsteinsson.



Ásgeir Thoroddsen, hrl.

Fróðleikur um störf og afgangslur gjafsóknarnefndar

Dómsmálaráðherra skipar þrjá lögfræðinga í gjafsóknarnefnd, eins og kunnugt er, til að veita umsögn um gjafsóknarbeiðnir. Gjafsókn verður aðeins veitt ef gjafsóknarnefnd mælir með því.

Í nefndinni sitja nú Þorleifur Pálsson, fyrrverandi sýslumaður, formaður, Helgi I. Jónsson, tilnefndur af Dómarafélagi Íslands og Ásgeir Thoroddsen tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Ritari nefndarinnar er Hallgerður Gunnarsdóttir lögfræðingur.

Nefndin fundar að jafnaði vikulega en sjaldnar á sumrin. Á árinu 2008 bárust nefndinni 430 gjafsóknarbeiðnir. Í árslok voru 17 óafgreiddar beiðnir.

Á árinu 2008 afgreiddi nefndin samtals 445 umsagnir. Nefndin mælti með gjafsókn í 292 málum en í 153 málum mælti hún ekki með gjafsókn.

Á grundvelli 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 og 9. gr. reglugerðar nr. 45/2008 var gjafsókn takmörkuð í eftirfarandi tilvikum:

Á grundvelli a. liðar 9. gr. reglug. (umsækjandi talin geta sjálfur greitt hluta málskostnaðar)	3
Á grundvelli c. liðar sömu greinar (mál sem æskilegt er að ljúki með sátt s.s forsjármálum)	47
Aðrar takmarkanir	22
Samtals	72

Áhugavert er að sjá skiptingu gjafsóknarumsagna eftir málaflokkum (samantekt formanns nefndarinnar) og eru hér birtar tölur síðustu þriggja ára um afgangslur mála hjá nefndinni:

Umsagnir gjafsóknarnefndar 2006 - 2008			
Skipting mála eftir málaflokkum			
Málaflokkar	2006	2007	2008
Mál skv. barnalögum	3	8	11
Mál skv. barnaverndarlögum	20	22	22
Fasteignaviðskipti	28	22	18
Fjárkröfur, viðskipti	16	21	8
Forsjámál	93	94	102
Hjónaskilnaður, sambúðarslit	32	30	29
Laun, lífeyrismál, starfsréttindi	14	27	8
Skaðabótamál, líkamstjón	126	139	120
Skaðabótamál, meint læknamistösk	21	14	12
Skaðabótamál, önnur mál	21	30	28
Stjórnsýsluákvæðanir	6	8	8
Mál samkvæmt þjóðlendulögum	10	33	30
Önnur mál	48	56	49
Samtals	438	504	445
Niðurstöður umsagna			
Umsagnir þar sem mælt er með gjafsókn	2006	2007	2008
Lögbundin gjafsókn skv. 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991	18	23	13
Lögbundin gjafsókn skv. ákvæðum annarra laga	23	31	40
Gjafsókn á grundvelli Þjóðlendulaga nr. 58/1998	9	31	30
Gjafsókn á grundvelli bágrar fjárhagsstöðu	262	245	209
Samtals	312	330	292
Umsagnir þar sem ekki er mælt með gjafsókn	2006	2007	2008
Ekki talið vera nægilegt tilefni	49	84	70
Ekki mælt með gjafsókn vegna fjárhagsstöðu	52	66	54
Málum vísað frá	25	24	29
Samtals	126	174	153



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Málskostnaðarákvarðanir

Umræður um hvernig dómstólar ákvarða aðilum í einkamálum málskostnað eru eilífðarmál meðal lögmanna. Þar snýst umræðan meðal annars um hversu stóran hluta af málskostnaði umbjóðendur lögmanna fá bættan þegar mál vinnst. Einnig rökkin fyrir því - eða kannski oftast skort á rökstuðningi fyrir því - þegar umbjóðendur eru sjálfir látnir bera sinn kostnað af máli jafnvel þótt þeir hafi unnið það og loks mismunandi málskostnaðarákvarðanir eftir dómstólum eða einstökum dómurum í sambærilegum málum.

Mjög brýnt er að halda því til haga þegar þessi málefni eru rædd að málskostnaður sem ákvarðaður er í einkamáli úr hendi gagnaðila er ekki fyrir lögmanninn. Þetta er útbreiddur misskilningur meðal almennings en gætir einnig víðar. Auðvitað þekkja dómáramar lögin en alltof oft, þegar málskostnaðarákvarðanir ber á góma utan réttar, þá virðast dómáramar nálgast málið á þeirri forsendu að þarna sé um einhvers konar launabaráttu lögmanna að ræða. Hjördís Halldórsdóttir, varaformaður Lögmannafélags Íslands, útskýrði með ágætum um hvað málið snýst raunverulega, í ávarpi sem hún

flutti á aðalfundi Dómarafélags Íslands í lok nóvember sl., en kaflar úr erindinu voru birtir í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins.

Stjórn Lögmannafélagsins ákvað að á málga það við Dómstólaráð hvort tilefni væri til að setja fram einhvers konar leiðbeinandi reglur fyrir dómara til að vinna eftir við ákvörðun málskostnaðar í einkamálum líkt og gert hefur verið í opinberum málum. Þrátt fyrir að undantekningar finnist, þá hafa viðmiðunarreglur ráðsins í opinberum málum gefist nokkuð vel. Á fundi sem fulltrúar Lögmannafélagsins áttu með fulltrúum Dómstólaráðs 10. mars sl. var tekið ágætlega í þessa málaleitan og lýsti ráðið sig reiðubúið að hlusta á hugmyndir félagsins og ræða æskilega framtíðarskipan þessara mála. Gætu reglur sem Danir hafa unnið eftir, og hafa gefist mjög vel, verið hafðar til

hliðsjónar við samningu slíkra viðmiðunarreglnanna hér á landi. Þá fengju dómáramar grunn til að byggja á og lögmenn gætu útskýrt betur fyrir sínum umbjóðendum á hverju væri von úr þeirri áttinni, burtséð frá því hvernig um semst milli lögmanna og umbjóðenda þeirra í hverju máli.

Fyrir dyrum stendur að reyna að skýra betur grundvöll málskostnaðarákvarðana í útivistarmálum. Í kjölfarið verður svo athyglinni vonandi beint að ofangreindu máli. Ég hef rætt þetta nokkuð við kollega undanfarið og langflestir eru mjög jákvæðir gagnvart þessum hugmyndum. Þó eru vissulega skiptar skoðanir meðal lögmanna um hvort fyrirkomulag sem þetta sé til bóta. Ég skora því á lögmenn að láta í sér heyra og lýsa skoðunum sínum á þessu máli eins og öðrum sem varða hagsmuni okkar og skjólstaðinga okkar.

BBN
BBA // LEGAL

Af Merði lögmanni

Mörður gekk um bæinn í búshaldabyltingunni og barði í einu pönnuna sem hann á. Útíveran og hreyfingin gerðu honum gott og hann missti þrjú kíló á nokkrum dögum. Auk þess hitti hann son sinn oftar en hann hafði gert síðustu fimm ár á undan. Í byltingunni heyrði Mörður oft æpt á kröfuna um „Nýtt Ísland“. Mörður hélt að hann hefði búið síðustu 15 árin á hinu nýja Íslandi og vildi „Gamla Ísland“ aftur. Þá var Framsóknarflokkurinn sterkur og hlutirnir einfaldari. Engin þörf á útrás, menn veiddu sinn fisk og borðuðu sitt rollukjöt. Eitt kaupfélag var í hverri sveit og lögmálið „Ef það fæst ekki í Kaupfélaginu þá þarftu ekki á því að halda“ í fullu gildi. Nokkrir kaupmenn voru á horninu í höfuðborginni en SÍS var mátturinn og dýrðin.

Þá voru ekki níu háskólar heldur aðeins einn til að mennta embættismennina. Það þurfti presta til sjá um andlega næringu fólks auk praktískra atriða eins og að skíra, gifta og jarða. Svo þurfti lækna af heilsufarsástæðum og svo auðvitað lögfræðinga til að stjórna skrifnum. Þeir örfáu sem vildu læra verkfræði fóru bara til útlanda. Þetta var ekki flókið í gamla daga.

Nú er farið að kenna allt í háskólum. Það er ekki hægt að passa börn, kenna þeim að lesa eða hjúkra þeim í veikindum nema að hafa langt háskólanám að baki. Það er ekki einu sinni hægt að taka á móti börnum nema að bæta við sig enn lengra háskólanámi. Í gamla daga dugði að hafa gamla konur í því ef þær kunnu að nota vatn og sápu.

Í dag eru allir komnir með meistaraþróf í mannauðsstjórnun, alþjóðlegum samskiptum, almannatengslum og markaðsfræðum. Einnig er til eitthvað sem heitir kvennafræði, meira að segja kvennalögfræði og kvennaguðfræði. Hver fann alla þessa vitlesu upp? Svo er stjórn málafræði vinsæl en þau fræði hefur Mörður aldrei skilið. Slíkir fræðingar eru í sjónvarpinu hjá Merði á hverju kvöldu til að segja honum eitthvað sem allir vita eða er augljóst.

Nú þegar Framsóknarflokkurinn mun taka við stjórnartaumunum mun allt þróast á betri veg. Mörður er ánægður með nýja formanninn. Hann er dimmraddaður, sæmilega kauðskur að sjá og hæfilega gamaldags. Svo er hann þegar byrjaður að stjórna á bak við tjöldin. Gott væri að fá framsóknarmenn í öðrum flokkum í líðið. Til dæmis eru margir góðir og þjóðernissinnaðir menn í VG. Þann flokk vildi Mörður gjarnan hafa í í næstu stjórn ef hann væri ekki að dragnast með þetta græna jafnréttislið í skottinu sem allt er með háskólapróf í þessum einskis nýtu fræðum.

Mörður gladdist mjög þegar hann var gerður að formanni í niðurskurðarnefnd Framsóknarflokksins. Mörður er með fastmótadar niðurskurðartillögur upp á tugi milljarða og telur að hægt sé að spara verulega í menntakerfinu. Mætti byrja á að stytta þetta stúdentsþróf um tvö ár. Óþarfi að hafa þessa unglunga á fyllerú og gauði í fjögur ár. Svo á að leggja niður alla háskóla nema einn. Það dettur engri annarri þjóð að hafa níu háskóla fyrir örfáar hræður. Svo getur fólk bara farið í þetta starfsnám eins og hjúkrun, iðjupjálfun og fóstrunám strax að loknu grunnskólaprófi. Það þarf að fjölga húsmæðraskólunum á ný svo konur geti fengið góða og ódýra menntun fyrir lífið og hægt er að spara tíu milljarða með því að hætta að borga duglegum og vinnusömum mönnum stórfé fyrir að vera heima og horfa á smábörn sofa. Það dettur engum nema Íslendingum í hug svona lúxussplæs.

Einnig má hætta að greiða milljarða á ári til gamalla fyllibyttna sem stofnað hafa meðferðarheimili til að þurrka upp aðrar fyllibyttur enda gerir það ekkert gagn. Ekki fækkar fyllibyttunum. Hvað gerðu þær hér á árum áður þegar ekkert SÁÁ og Byrgi eða önnur meðferðarheimili voru til? Að auki eru virkar fyllibyttur miklu skemmtilegri en óvirkar og greiða meira í ríkissjóð.

Sterkari staða með skarpari þekkingu



HÁSKÓLI ÍSLANDS

LAGAÐEILD



Lagadeild Háskóla Íslands býður útskrifuðum lögfræðingum að auka þekkingu sína. Boðið er upp á almennt meistaranám – mag. jur., sérhæft meistaranám (LL.M.) og að taka einstök meistaranámskeið.

- » Í meistaranáminu gefst kostur á sérhæfingu með því að velja eitt af tíu áherslusviðum en þau samstanda af fimm námskeiðum og ritgerð. Kandidatspróf er metið inn í meistaranámið auk þess sem mögulegt er að fá einstök námskeið metin sérstaklega. Náms tími getur verið fjögur ár og hentar því vel með vinnu.

» **Umsóknarfrestur er til 15. apríl**

» **Fagleg menntun – frábært verð**

Í upphafi skólaárs er einungis greitt 45.000 kr. skrásetningargjald fyrir bæði haust- og vorönn.

LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti

Nýtt sérhæft meistaranám fyrir lögfræðinga sem vilja sérhæfa sig í lagareglum sem gilda um auðlindir og umhverfi með áherslu á íslensk, evrópsk og alþjóðleg sjónarmið. Námið fer eingöngu fram á ensku.

Aukin sérhæfing fyrir flóknara atvinnulíf. Skoðaðu möguleika þína á: www.lagadeild.hi.is



Eyrún Ingadóttir

Hekla og hestur

Hekla og sambandið við almættið

Um 40 lögmennt og fylgifyskar þeirra hyggjast arka upp á Heklutind þann 13. júní næstkomandi. Að því loknu verður farið á Heklusýningu, snæddur léttur hádegisverður og endað í heita pottinum á Leirubakka í Landsveit. Búið er að panta bongóblíðu og goslausan dag þarna uppi við dyr helvítis. Reynir nú á hvernig sambandið er við almættið. Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta lesið nánar um tilhögun ferðarinnar á heimasíðu LMFÍ.

Sakamál og örnámskeið

Námskeið vorannar hófust um miðjan janúar með fyrsta hluta námskeiðs Eiríks Tómassonar, prófessors: „Ný lög um meðferð sakamála“. 40 manns sóttu námskeiðið sem var í fjórum hlutum og stóð í alls ellefu klukkustundir. Einnig hafa verið haldin námskeiðin: „Kaup og sala fyrirtækja“ sem Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hrl., kenndi, „Lestur og greining ársreikninga“ sem Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, kenndi og „Sushigerð“ sem Snorri Birgir Snorrason, kokkur, kenndi en öll voru þau vel sótt. Gerð var könnun á áhuga félagsmanna á

örnámskeiði í Power Point og eru allar líkur á því að slíkt námskeið verði haldið fljótlega.

Kerra, plógur, hestur

Félagsdeild bauð einnig upp á námskeið í samskiptum lögmannna og skjólstaðinga undir heitinu: „Viðskiptavinir undir álagi“ en því miður reyndist ekki áhugi á því meðal lögmannna. Öðru hvoru hefur verið reynt að bjóða upp á námskeið sem eiga að efla hæfni lögmannna til mannlegra samskipta eða til að hjálpa þeim að takast á við erfið mál skjólstaðinga. Lítil sem enginn áhugi hefur reynst á slíkum námskeiðum og er það umhugsunarefni hvað veldur. Lögmennt aðstoða skjólstaðinga sína oft á erfiðustu augnablikum lífs þeirra. Það eiga þeir sameiginlegt með prestum og heilbrigðisstarfsfólki nema að sálgæsla fyrir lögmennt er engin. Ég auglýsi hér með eftir tillögum að námskeiðum sem gætu höfðað til lögmannna því það er óþarfi að vera eins og „Baslhagmennin“ sem Stephan G. Stephanssonar orti um forðum:

*Löngum var ég lækni minn
lögfræðingur, prestur
smiður, kóngur, kennarinn
kerra, plógur, hestur.*

Halló Akureyri

Í samstarfi við símenntun Háskólans á Akureyri bauð félagsdeild upp á tvö námskeið fyrir norðan. Því fyrra „Kaup og sala fyrirtækja“ var aflýst vegna lélegrar þátttöku en það síðara „Lestur og greining ársreikninga“ með Hólmgrími Bjarnasyni, endurskoðanda hjá Deloitte verður í apríl.

LÖGMANNALISTINN

Um þessar mundir stendur yfir áttak til að minna lögmennt á gagnsemi LÖGMANNALISTANS á heimasíðu LMFÍ. Lögmennt geta skráð sig á tíu sérsvið en undir hverju þeirra eru nokkrir málaflokkar. Það kostar einungis 1600 krónur að skrá sig á hvert sérsvið á ári en félagsmennt félagsdeildar fá 25% afslátt.

Auglýsingar á Miðlaranum

Miðlarinn er upplýsingatorg fyrir lögmennt þar sem þeim gefst kostur á að auglýsa skrifstofuhúsnæði og störf. Ekkert gjald er tekið fyrir þjónustuna enn sem komið er. Nú er auglýst eftir fulltrúa á Miðlaranum sem og skrifstofuhúsnæði til leigu. Nánari upplýsingar á www.lmfi.is – Fyrir lögmennt – Miðlarinn.



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri

Atlaga að trúnaðarskyldu lögmanna

Hörð atlaga var gerð að trúnaðarskyldu lögmanna með frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða. Frumvarpið var lagt fram í lok nóvember 2008 og að því stóðu formenn allra flokka á þinginu.

Viðbrögð Lögmannafélagsins

Lögmannafélag Íslands barðist með oddi og egg gegn afnámi trúnaðarskyldunnar. Það var gert með ítarlega rökstuddri umsögn laganefndar félagsins um frumvarpið og með bréfi stjórnar til forseta Alþingis sem fylgt var eftir í fjölmiðlum. Í ljósi alvarleika málsins leitaði stjórn félagsins einnig eftir stuðningi samtaka evrópskra lögmannafélaga, CCBE, en áður höfðu forsvarsmenn norrænu lögmannafélaganna lýst yfir stuðningi við málstað Lögmannafélagsins. Ekki reyndi þó á komu þessara aðila inn í málið þar sem Alþingi hvarf frá afnámi á trúnaðarskyldu lögmanna með breytingum á frumvarpinu.

Þýðing trúnaðarskyldu lögmanna

En hvers vegna þessi hörðu viðbrögð Lögmannafélagsins? Er það ekki hagar lögmanna, líkt og annarra landsmanna að sannleikurinn um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengdra atburða, verði leiddur í ljós? Vilja lögmenn ekki fá niðurstöðu um það

hvort mistök eða vanræksla hafi átt sér stað við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi hér á landi og eftirlit með henni, og þá hverjir kunni að bera ábyrgð á því? Sé spurningum þessum svarað játandi, er þá nokkuð því til fyrirstöðu að afnema trúnaðarskyldu lögmanna?

Þýðing trúnaðarskyldu lögmanna og hlutverk þeirra í leit að sannleikanum er óumdeild, ekki bara hér á landi heldur víðast hvar í hinum siðmenntaða heimi. Meginreglan um þagnarskyldu lögmanna vegna trúnaðarsambands þeirra við sína skjólstæðinga er ekki sett til að aðstoða grunaða við að hylja yfir meint brot. Tilvist reglunnar byggir fyrst og síðast á því að verja mannréttindi skjólstæðinganna og þar með grundvöll réttarvörslukerfisins og þá um leið dómskerfið sjálft. Þannig er þagnarskylduákvæði í lögum gjarnan lögfest til staðfestingar stjórnarskrárvörðum réttindum borgaranna. Í því samhengi má t.d. benda á friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig mætti nefna réttindi sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 70. gr. stjórnarskrár og 6. mgr. mannréttindasáttmála Evrópu. Eins og fram kemur í umsögn laganefndar er réttarvörslukerfi þar sem vikið er frá og brotið gegn mannréttindum í raun einskis virði. Af þessu leiðir að grund-

völlur starfa lögmanna er svo samofin trúnaðarskyldunni að sé hún lögð til hliðar eru í raun brostnar forsendur fyrir hlutverki lögmanna í réttarvörslukerfinu.

Ein af hornsteinum réttarríkisins

Afnám trúnaðarskyldu lögmanna þýðir í raun brot gegn ákvæðum stjórnarskrár og öðrum viðurkenndum grundvallarreglum og/eða alþjóðasáttmálum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Slíkt myndi ekki aðeins veikja ímynd Íslands sem lýðræðisríkis, heldur gæti á örskotsstundu eyðilagt margt það sem áunnist hefur á undanförunum áratugum í lýðfrelsi og mannréttindum, nokkuð sem erfitt gæti verið að vinna til baka nema á löngum tíma. Íslendingar búa og vilja áfram búa í réttarríki og ein grundvallarforsenda fyrir því er að lýðræði og mannréttindi séu virt. Trúnaðarskyldan er því ekki einkamál lögmanna og skjólstæðinga þeirra, heldur ein af hornsteinum réttarríkisins. Viðbrögð Lögmannafélagsins við hugmyndum löggjafans um afnám trúnaðarskyldunnar voru því ekki hagsmunagæsla fyrir lögmenn. Með því var félagið að sinna þeirri skyldu sinni að standa vörð um réttaröryggi borgaranna enda er einn megin tilgangur félagsins, samkvæmt samþykktum þess, að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.



Ásdís J. Rafnar, hrl.

Hýðing fyrir Hæstarétti

„Rasskellsdómurinn“ svokallaði, sem féll í Hæstarétti 22. janúar 2009, gæti verið áhugaverður á sviði fræðilegra rannsókna í refsirétti um ólögmati verknaðar og refsileysisástæður. Spurning er hvort málsatvik hefðu vakið áhuga þeirra félaga Goos og Getz. Í málinu lögðu dómstólar síðrænt og félagslegt mat á hvað sé réttlæt看leg athöfn og hvaða refsivernduðum hagsmunum verður afsalað með samþykki. Dómarar þurfa augljóslega að hafa „breiða sýn“ á mannlega hegðun í dómstörfum sínum og setja sig í spor málsaðila að einhverju leyti sem er líklega hvorki einfalt né eftirsóknarvert hlutverk.

Málsatvik

X var ákærður fyrir kynferðisbrot og líkamsárás en til vara brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa tvisvar til þrisvar sinnum rassskellt A, þá 6 ára, og B, þá 4 ára, á beran rassinn með þeim afleiðingum að þeir hlutu roða á rassinn og fyrir að hafa að því loknu borið olíu á rassinn á þeim. Jafnframt var X ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa ráðist að C og ítrekað barið hana á beran rass og ber læri með beltisól með þeim afleiðingum að hún hlaut mar, rispur og eymsli á rass og aftanverð læri.

Samkvæmt ákæru taldist brot ákærða samkvæmt fyrri ákærulið aðallega varða við 2. mgr. 202. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og brot ákærða samkvæmt síðari. ákærulið við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Athöfn ekki fallin til að skaða börnin

Ákærði var alfarið sýknaður á báðum dómstigum. Ákærði og C höfðu kynnst skömmu fyrir þessi atvik á internet-spjallrásum. Ákærði bar fyrir dómi að hann hefði hneigð til flenginga í kynlífi en hann bæri enga kynferðislega girnd til barna. Töldu dómendur að ekki hafi verið tilefni til þess að tengja flengingar drengjanna við kynferðislega tilburði eftir framburði þeirra sjálfra og annarra. Héraðsdómur taldi sannað að ákærði hafi rassskellt drengina með samþykki móður því þeir hefðu verið óþekkir og að það hefði ekki gerst í einrúmi. Refsing ákærða hefði ekki verið til þess fallin að skaða þá andlega eða líkamlega. Ekki lá fyrir í hverju óþekkt drengjanna hefði falist eða fjallað nánar um olíuáburðinn sem getið var í ákæru. Þótti háttsemin ekki verða heimfærð undir 2. mgr. 202. gr. alm. hgl.

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður, með samþykki þess, beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð heldur er refsinaemi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Ekki hafa verið færðar sönnur fyrir að háttsemi ákærða, sem 1. liður ákæru tekur til, hafi farið út fyrir þau mörk sem þetta ákvæði felur í sér. Var X einnig sýknaður af ákæru um líkamsárás gegn C.

Meintir áverkar C voru allnokkrir

Bar ákærða og C saman um að ákærði hafi slegið hana með belti í kynlífsathöfn og með samþykki C. Ekki var við læknisvottorð að styðjast um áverka, sem bæði C og vitni báru að hún hefði hlotið. Þá var niðurstaðan reist á því að ákærði og C hefðu verið í sambandi í eina tvo mánuði eftir þetta atvik og að langur tími leið uns kæra kom fram. Var ekki talið ljóst hversu langt samþykki C til ársar ákærða náði og þann vafa yrði að meta ákærða í hag. Bar C fyrir dómi að hún hefði haft mar frá mitti og niður úr sem telst nokkuð mikið af því góða m.t.t. hvaða refsirétti

vernduðum hagsmunum verður afsalað með samþykki. Ef C hefði farið strax til læknis og fengið áverka sína staðfesta í vottorði og þeir verið eins miklir og hún bar fyrir rétti,- hver hefði sennileg niðurstaða málsins þá orðið a.m.k. gagnvart hennar hagsmunum?

Verkefni lögreglu og dómara

Niðurstaða málsins er í sjálfu sér ekki gagnrýniverð að mínu mati miðað við þau sönnunargögn sem við var að

styðjast en dómsmálið hefur verið til umræðu í fjölmiðlum. Markmið lögreglurannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna um málsatvik og dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram fyrir dómi. Nauðsyn ber til að berjast af hörku gegn hvers konar kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Ég hef almennt trú á að lögreglan leggi sig fram við rannsókn kynferðisbrota og líkamsmeiðinga eftir nákvæmum reglum sem tryggja árangur

í þeirri baráttu. Ég vorkenni ekki dómurum að takast á við lögboðin verkefni sín en í þessum málum þarf, eins og í öðrum, að meta það hvort það sem fram er komið við rannsókn máls sé nægilegt eða líklegt til sakfellis áður en ákæra er gefin út.

Úr myndasafni

Hæstaréttarlögmenn á 25 ára afmæli Hæstaréttar



Þegar aldarfjórðungur var liðinn frá stofnun Hæstaréttar 16. febrúar 1945 var haldin virðuleg athöfn í dómssal réttarins þar sem dómarar og málflutningsmenn voru klæddir embættis-skrúða sínum. Athöfninni var útvarpað en helstu fyrimenn þjóðarinnar voru í hópi boðsgesta. Í tilefni afmælisins færðu hæstaréttarlögmenn réttinum 10.000 króna gjöf til bókakaupa.

Á myndinni eru nær allir starfandi hæstaréttarlögmenn landsins. Fremri röð frá vinstri: Garðar Þorsteinsson, Sveinbjörn Jónsson, Lárus Jóhannesson (þáverandi formaður LMFÍ), Lárus Fjeldsted, Eggert Claessen, Jón Ásbjörnsson og Theódór B. Líndal.

Aftari röð frá vinstri: Magnús Thorlacius, Sigurður Ólason, Ólafur Þorgrímsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Gunnar Þor-

steinsson, Guttormur Erlendsson, Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Ragnar Ólafsson, Hermann Jónasson, Gunnar J. Möller, Einar B. Guðmundsson, Kristján Guðlaugsson, Gústaf A. Sveinsson og Einar Ásmundsson.

Heimildir: Hjörtur Torfason og Alþýðublaðið 17. febrúar 1945, 2.



Heimir Örn Herbertsson, hrl.

Yfirráð eða ekki, það er efinn

Inngangur

Samkeppnisréttur er skrátið en skemmtilegt réttarsvið, að minnsta kosti fyrir lögfræðinga sem vilja spreyta sig á svólitilli frumlegri og/eða skapandi hugsun. Hér á landi gilda á þessu sviði samkeppnislög nr. 44/2005, með síðari breytingum. Ákvæði laganna eru um flest sniðin eftir samkeppnisreglum ESB og EES en upprunalega fyrirmynd nútíma samkeppnislöggjafar kemur frá Bandaríkjunum þar sem samkeppnisreglur hefur mátt finna í löggjöf síðan 1893.

Sérstaða samkeppnisréttar

Það er ýmislegt sem greinir samkeppnisrétt frá flestum öðrum réttarsviðum. Nefna má um þetta fjögur dæmi.

Í fyrsta lagi eru samkeppnisreglur lagareglur sem er ætlað að tryggja eða stuðla að því að í samfélaginu séu framleiðsluþættir nýttir á hagkvæman hátt. Reglurnar og beiting þeirra hvílir þess vegna á óvenju pólitískum grunni sem reistur er á hagfræðikenningum sem menn getur greint rækilega á um hvernig skuli útfærðar. Forsendur niðurstaðna um hvað samkeppnisreglurnar þýða geta því verið mjög umdeildar og það þótt deilendur séu sammála um ágæti virkrar samkeppni fyrir hagkvæma nýtingu framleiðslu-

þátta. Svo eru þeir sem telja samkeppnislögin vera skelfilegt afsprengi nýfrjálshyggjunnar svokölluðu. Ég þekki reyndar enga nýfrjálshyggjumenn en fáeina frjálshyggjumenn sem myndu gera ákveðnar athugasemdir við þær fullyrðingar. Hvað sem segja má um þetta er altént ljóst að túlkun samkeppnislaga byggir á nánú samspili lögfræði og hagfræði og raunar einnig fræðum viðskipta í víðri merkingu.

Í öðru lagi, og nátengt fyrsta atriðinu, má nefna að ákvæði samkeppnislaga eru gersamlega galopin fyrir túlkun við beitingu þeirra. Þetta getur verið skemmtilegt t.d. fyrir lögfræðinga sem vilja láta ljós sitt skína í lögfræðilegum álitserðum en líka dálítið leiðinlegt, einkum ef maður rekur fyrirtæki og kemst að því seint og um síðir að maður er í markaðsráðandi stöðu sem maður hefur misnotað með því t.d. að halda verðum til neytenda of lágum gagnvart keppinautum. Og þetta verður draugfúlt þegar þungar fjársektir eru lagðar við brotinu. Aðalatriðið er að það er ekki hægt að átta sig á því hvaða skyldur samkeppnislögin setja mönnum á herðar með því að lesa bara lögin. Hið raunverulega efnisinntak reglnanna er að finna í framkvæmd Samkeppnis-eftirlitsins, skrifum fræðimanna um evrópskan samkeppnisrétt, í ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB og í

dómum Evrópudómstólsins. Mun þetta vera fátítt um lög hér á landi en kannski ekki einsdæmi.

Í þriðja lagi getur þýðing lagareglna um samkeppni breyst verulega og skyndilega þótt engin breyting hafi orðið á lagatextanum sem til grundvallar liggur. Ástæðan er sú, sem fyrr segir, að samkeppnislögin eru túlkuð með rækilegri hliðsjón af framkvæmd á sviði samkeppnismála innan ESB. Þar gegnir Evrópudómstóllinn þýðingarmiklu hlutverki. Innan ESB eru samkeppnisreglur kallaðar hornsteinn innri markaðar sambandsins og hlutverk ESB er m.a. að túlka og beita samkeppnisreglum á þann veg að tryggi sem best vöxt og viðgang innri markaðarins. Dómstóllinn hefur því réttarskapandi hlutverki að gegna sem kann að henta lýðræðishefðinni sem ESB byggir á ágætlega en mun óljósara er hvernig þessi háttur fer saman við hefðbundin viðhorf hérlend um réttaröryggi og fyrirsjáanleika lagareglna.

Loks má nefna, og kemur þá að tilefni þessara skrifa, að ýmis hugtök hafa sérstaka og mjög frábrugðna merkingu í samkeppnisrétti, samanborið við önnur réttarsvið. Hugtakið samningur í samkeppnisrétti er til dæmis allt annað mál en hugtakið samningur á sviði samningaréttar og hugtakið yfirráð í

samkeppnisrétti á ekki algera samstöðu með því hugtaki á öðrum réttarsviðum. Um þetta síðarnefnda vildi ég færa í letur fáein orð, af gefnu tilefni:

Hugtakið yfirráð í sérstökum skilningi samkeppnisréttar

Ein meginstoð samkeppnisréttar má segja að sé eftirlit samkeppnisyfirvalda með samrunum fyrirtækja. Um samrunaefirlit er fjallað í ákvæðum 17. gr. - 17. gr. f í samkeppnislögum. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar með nánar tilgreindum hætti. Í 2. mgr. 17. gr. segir: „Yfirráð ... skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem annaðhvort sérstaklega eða samanlagt, og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum atriðum sem við eiga, gerir aðila kleyft að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki ...“ Eru síðan nefnd dæmi um hvaða atriði það eru sem hin afgerandi áhrif taka til. Sá lesandi sem treystir sér til að fullyrða hvað þetta þýðir, um hvenær samruni hefur átt sér stað, er beðinn um að rétta upp hönd.

Í framkvæmd er hugtakið yfirráð túlkað rúmt enda kannski vandséð hvernig eigi að túlka svo loðna lagareglu þröngt. Það sem er talið skipta máli er hvort aðili hefur af einhverjum ástæðum möguleika til að hafa afgerandi áhrif, beint eða óbeint, á grundvelli löggernings eða ekki, á mikilvægar viðskiptaákvæðanir fyrirtækis. Sérstök athygli er vakin á orðinu möguleiki í setningunni hér á undan. Það skiptir m.ö.o. ekki máli hvort möguleikinn er nýttur, ef hann er fyrir hendi getur samruni þá þegar hafa átt sér stað í skilningi samkeppnisréttar.

Möguleg yfirráð banka

Á hverjum tíma, en ekki síst nú um stundir, má víða finna möguleika til að hafa afgerandi áhrif á mikilvægar viðskiptaákvæðanir fyrirtækja. Þeir aðilar í dag sem öðrum fremur geta haft slíka möguleika eru bankar. Til skamms tíma var algengt að bankar lánuðu

fyrirtækjum fé, jafnvel töluvert mikið fé, t.d. til að kaupa önnur fyrirtæki, en fengu í staðinn veð í hlutabréfum í lántakanum og/eða öðrum fyrirtækjum. Yfirleitt voru ákvæði í lánasamningum um þessi lán sem mæltu fyrir um heimild banka til að gjaldfella lánin við tilteknar aðstæður. Til að gera langa sögu stutta má fullyrða að umræddar gjaldfellingarástæður hafi verið virkar í hendi banka í mjög mörgum tilfellum síðan um mánaðamótin september/október á síðasta ári og jafnvel fyrr. Þetta þýðir að bankar eru í stórum stíl í aðstöðu til þess, hvenær sem þeim sýnist, að gjaldfella lán og ganga að veðsettum hlutum í fyrirtækjum.

Milljón evru spurningin

Ef banki myndi gera þetta þá vefðist ekki fyrir neinum sú niðurstaða að þá hefði samruni átt sér stað í skilningi samkeppnislaga (að því gefnu til einföldunar að hinir veðsettu hlutir nemi meira en helmingi hlutafjár en menn geta þó náð yfirráðum í félögum þótt þeir eignist minnihluta í þeim. Það er önnur saga og lengri.). Stjórnunarrétturinn yfir félaginu, sem fylgir hlutunum, veitir bankanum yfirráð til frambúðar í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Milljón evru spurningin, með vísan til alls framangreinds, er hins vegar sú hvort tilkynningarskyldur samruni hafi ekki fyrir löngu átt sér stað áður en bankinn gerir alvöru úr því að ganga að veðum. Hefur ekki bankinn haft möguleika til að hafa áhrif á mikilvægar viðskiptaákvæðanir félagsins í langan tíma áður en að því kemur? Vætanlega er óhætt að segja að slíkur möguleiki sé eða hafi verið til staðar í mörgum tilfellum. Undanfarna mánuði hafa mörg félög leitað leiða til að tryggja rekstrargrundvöll sinn eða skapa nýjan við þær aðstæður að félögin eru „tæknilega“ gjaldþrota, sem svo er kallað. Ráðagerðir um fjölmörg atriði sem máli skipta í þessu sambandi hljóta að vera unnar í nánú samráði við bankann sem á mikla hagsmuni í félaginu vegna skulda þess og á veð í hlutum félagsins sem bankinn getur tekið yfir þegar honum sýnist.

Réttaróvissa um ráðstafanir

Ef talið yrði að möguleiki banka, á grundvelli virkra ákvæða um gjaldfellingu og yfirtöku veða, jafngildi samruna í skilningi samkeppnislaga getur það haft veruleg réttaráhrif og þýðingu fyrir bankann og viðkomandi fyrirtæki. Ekki síst er það vegna þess að samkvæmt 17. gr. a. í samkeppnislögum er skylt að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og samkvæmt 3. mgr. 17. gr. i.f. skal samruni, sem fellur undir ákvæði laganna, ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppnis- eftirlitið fjallar um hann. Komi samruni engu að síður til framkvæmda (með öðrum orðum ef banki tekur við framangreindar aðstæður í reynd ákvarðanir um málefni félags áður en samruni hefur verið tilkynntur og samþykktur af Samkeppniseftirlitinu) getur slíkt varðað stjórnvaldssekt, sbr. g-liður 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga auk þess sem álitamál verður hvort ákvarðanir og ráðstafanir sem banki hefur gripið til í andstöðu við ákvæði samkeppnislaga geta haft réttaráhrif. Er þá horft til ákvæðis 1. mgr. 33. gr. laganna sem mælir fyrir um að samningar (en það hugtak er sem fyrr segir túlkað rúmt), sem brjóta í bága við bannákvæði laganna, eru ógildir.

Lokaorð

Samkeppnisyfirvöld hafa að undanförmu með ýmsu móti gefið í skyn að þau muni taka tillit eftir fönngum til þess ástands sem nú ríkir í íslensku efnahags- og atvinnulífi þegar þau beita ákvæðum samkeppnislaga. Það er vitaskuld skynsamlegt og virðingarvert þótt svigrúm þeirra til sértækra túlkana sé óljóst. Við núverandi aðstæður, eins og raunar stundum áður, er því bara eitt algerlega öruggt þegar kemur að mati á ákvæðum samkeppnislaga og það er að það er ekkert fast í hendi um þau mál.

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Jónas Þór Guðmundsson hrl.
Lögmenn Strandgötu 25 ehf.
Strandgötu 25
220 Hafnarfjörður
Sími: 555-1500

Sigurður Tómas Magnússon hrl.
Birkihlíð 40
105 Reykjavík
Sími: 568-9027

Skarphéðinn Pétursson hrl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Orri Ólafsson hdl.
Exista hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Sími: 550-8600

Gunnlaugur Úlfsson hdl.
Fulltingi lögfræðiþjónusta ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Hákon Þorsteinsson hdl.
Lögskipti ehf.
Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími: 661-7466

Anna Lilja Sigurðardóttir hdl.
LAG lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 562-2024

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson hdl.
LEX lögmennstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2628

Jón Þór Ólafsson hdl.
Lögmenn Laugardal ehf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 896-2901

Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.
Lögmennstofa Árna
Ármanns Árnasonar ehf.
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 561-4450

Ævar Rafn Björnsson hdl.
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 22
150 Reykjavík
Sími: 545-9900

Ebba Schram hdl.
Embætti borgarlögmans
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík
Sími: 411-4106

Arnór Snæbjörnsson hdl.
Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545-8361

Nýr vinnustaður

Páll Jóhannesson hdl.
Tax and Legal sf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 522-5200

Guðni Bergsson hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
108 Reykjavík
Sími: 515-7400

Stefán Þór Bjarnason hdl.
Arctica Law ehf.
Smáratorgi 3, 12.hæð
201 Kópavogur
Sími: 820-6362

Nýtt aðsetur

Hilmar Gunnlaugsson hrl.
Regula ehf.
Vallholtsvegi 3
640 Húsavík
Sími: 580-7900

Gizur Bergsteinsson hdl.
Lögmennstofa Gizurar
Bergsteinssonar ehf.
Lágmúla 7, 6.hæð
108 Reykjavík
Sími: 581-1170

Páll Ólafsson hdl.
LPÓ lögmennstofa
Smáratorgi 3, 17. hæð
201 Kópavogur

**Lögmennstofa Árna
Ármanns Árnasonar**
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 551-4450

E. Sigurjónsson lögmennstofa ehf.

Ég hef flutt skrifstofu mína að Suðurlandsbraut 4, fjórðu hæð, Reykjavík auk þess sem ég hef opnað lögmennstofu á Sauðárkróki að Aðalgötu 14. Þar er opið í 2. og 4. viku hvers mánaðar, frá hádegi á mánudegi til síðdegis á föstudögum.

Auk rekstur lögmennstofu tek ég að mér að mæta hjá Héraðsdómi Norðurlands Vestra á ofangreindum tímum og að auki hjá sýslumönnum á Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði.

Netfangið er ainar@logmannstofan.is, símanúmer í Reykjavík er 5-200-900, fax 5-200-909 og símanúmer á Sauðárkróki er 453-6000.

Kveðja, Einar Sigurjónsson hdl.

Litla prent
Stórt verk lítið mál

prent.is
Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

Sushi og sakamál

Á dögnum voru haldin námskeið í sushi á vegum félagsdeildar LMFÍ. Snorri B. Snorrason kokkur kenndi fróðleiksfúsum sushi-aðdáendum að útbúa nigiri og maki rúllur. Sushigerð flokkast undir „slow food“ og leggja þarf sérstaka alúð í hvert handtak.



Snorri leiðbeinir Alexöndru Kojic við að útbúa nigiri. Heiðar Ásberg Atlason fylgist áhugasamur með.



Þorsteinn Haraldsson sýndi einstaka hæfileika í sushigerðinni og mátti heyra hann ræða um hrísgrjón af þekkingu sem fáir Vesturlandabúar geta stært sig af. Snorri dáist hér að handverki Þorsteins og Lára V. Júlíusdóttir handleikur sitt nigiri.



Um fjörutíu lögmenn sóttu námskeiðið „Ný lög um meðferð sakamála“ sem Eiríkur Tómasson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands kenndi. Námskeiðið tók alls ellefu klukkustundir og var haldið í fjögur skipti í kennslustofu félagsins.



Þátttakendur námskeiðsins einbeittir að læra allt um nýtt réttarfar í sakamálum. Í fremstu röð, f.v. eru Sjöfn Kristjánsdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Björn Daníelsson og Sigurður Jónsson.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is